

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 4 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

22. janúar 1980.

Nr. 79.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Þingeyrarhrepps nr. 190 7. júní 1973.

1. gr.

9. grein orðist þannig:

Af húsum þeim er í 8. gr. eru talin, skal greiða vatnsskatt sem hér segir: 0.15% af fasteignamali húsa, þó aldrei minna en kr. 30.00 á rúmmetra og aldrei meira en kr. 50.00 á rúmmetra.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

2. gr.

10. grein orðist þannig:

Vatnsveitan getur, þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli, sem hún setur upp og annast viðhald á, og skal þá greiða kr. 25.00 fyrir hverja smálest. Vatnssala samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega.

3. gr.

13. grein orðist þannig:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 250.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 1 000.00 fyrir fiskiskip og kr. 2 000.00 fyrir önnur skip. Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Þingeyrarhrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjöld kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. mars 1980, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. maí 1980, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan um eftirgreinda punkta: